

Gátlisti yfir gögn sem þurfa að fylgja með umsókn til Tógó

- | | |
|--|--|
| <input type="checkbox"/> Bréf frá umsækjendum | <input type="checkbox"/> Læknisvottorð |
| <input type="checkbox"/> Forsamþykki | <input type="checkbox"/> Atvinnuvottorð |
| <input type="checkbox"/> Fæðingarvottorð | <input type="checkbox"/> Afrit af launaseðlum |
| <input type="checkbox"/> Staðfest ljósrit af vegabréfi | <input type="checkbox"/> Ljósmyndir |
| <input type="checkbox"/> Sakavottorð | <input type="checkbox"/> Meðmælabréf |
| <input type="checkbox"/> Hjúskaparvottorð | <input type="checkbox"/> Staðfesting á undirbúningsnámskeiði „Er ættleiðing fyrir mig“ |
| <input type="checkbox"/> Sálfræðimat | |
| <input type="checkbox"/> Umsögn félagsráðgjafa | |

Bréf frá umsækjendum: Þetta er bréf frá ykkur þar sem þið segið frá ástæðum þess að þið viljið ættleiða og frá ykkur sjálfum og ykkar lífi. Einnig þarf að koma fram óskir um aldur og kyn barns. Undirrita þarf bréfið. Stíla skal bréfið á forseta undirréttar í Lomé eða **Président du tribunal de Première Instance, Première Classe de Lomé**.

Forsamþykki: Kemur frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og er frumritið sent beint á skrifstofu ÍÆ.

Fæðingarvottorð: Útgefið af Þjóðskrá.

Staðfest ljósrit af vegabréfi: Fara þarf til sýslumanns og láta hann ljósrita vegabréf umsækjanda. Sýslumaður stimplar ljósritin til staðfestingar.

Sakavottorð: Sækja má um sakavottorð í afgreiðslum allra sýslumanna. Framvísa þarf persónuskilríkjum og fullgildu umboði frá umsækjanda ef sótt er um fyrir annan.

Hjúskaparvottorð: Útgefið af Þjóðskrá.

Umsögn félagsráðgjafa: Sama umsögn og var gerð fyrir útgáfu forsamþykkis.

Sálfræðimat: Valgerði Magnúsdóttur, sími: 896-0449 hefur reynslu.

Læknisvottorð: Frá heimilislækni eða öðrum lækni sem hefur annast umsækjendur. Í vottorðinu þarf að koma fram að þið séuð heilbrigð líkamlega og andlega og að ófrjósemi sé ástæða þess að þið viljið ættleiða.

Atvinnuvottorð: Vinnuveitandi gerir þetta vottorð.

Afrit af launaseðlum: Afrit af síðustu þremur launaseðlum.

Ljósmyndir: Myndir af ykkur og heimilinu. Tvær myndir af heimilsfólki, tvær af húsinu að utan, fjórar af heimilinu og heimilisfólkinu í daglegum störfum. Ef barn er á heimilinu þá þarf að senda mynd af barnaherberginu.

Meðmælabréf: Bréfin þurfa að vera þrjú og mega vera frá vinum eða kunningjum sem þekka ykkur vel.

Staðfesting á að umsækjendur hafi sótt undirbúningsnámskeið fyrir ættleiðingu: ÍÆ gefur þessa staðfestingu út eftir að umsækjendur hafa lokið námskeiðinu, „Er ættleiðing fyrir mig“.

Þegar umsækjendur hafa safnað öllum skjölum fer skrifstofa ÍÆ yfir þau. ÍÆ gefur sér 5 daga til að fara yfir umsóknina. Þá láta umsækjendur löggiltan þýðanda þýða umsóknina yfir á frönsku.

Þegar umsóknin hefur verið þýdd er komið með umsóknina á skrifstofu ÍÆ. ÍÆ útbýr fylgiblað og staðfestir umsóknina með undirskrift. Því næst fara umsækjendur með umsóknina og fylgiblaðið og láta notarius publicus stimpla hana hjá sýslumannsembættinu. Mikilvægt er að báðir aðilar fari með umsóknina til sýslumannsembættisins þar sem verið er að staðfesta undirskrift beggja aðila.

Þegar því líkur er komið með umsókn á skrifstofu ÍÆ sem sér um að láta staðfesta umsóknina hjá utanríkisráðuneytinu, en það tekur yfirleitt um 1-2 daga.

Þá er umsóknin send til dómsmálaráðuneytisins sem sendir svo umsóknina ásamt fylgibréfi til Tógó.

Öll gögn, líka frá vinnuveitendum og lækni, þurfa að vera skrifuð á bréfsefni, með undirritun og stimplun og mega ekki vera eldri en **þriggja mánaða**. Barnaverndarskýrsla og sálfræðiskýrsla má vera **árgöm**.

Erlend stjórnvöld geta óskað eftir ítarlegri upplýsingum eða nýjum vottorðum. Ef svo er þá setur ÍÆ sig í samband við umsækjendur og lætur vita.